

Samtök atvinnulífsins

Nefndasvið Alþingis
Iðnaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Samtök iðnaðarins

Alþingi
Erindi nr. P 126/2817
komudagur 6.9. 2001

Reykjavík, 4. september 2001

Efni: Umsögn um frumvarp til raforkulaga, 719. mál

Samtökum atvinnulífsins og Samtökum iðnaðarins hafa borist til umsagnar frumvarp til raforkulaga og er umsögn þessi sameiginleg af hálfu samtakanna. Með frumvarpinu eru sköpuð skilyrði fyrir aukinni samkeppni í raforkugeiranum með því að aðskilja samkeppnis- og einkasölubætti. Markmið frumvarpsins er að stuðla að hagkvæmri framleiðslu, flutningi, dreifingu og viðskiptum með raforku með því að hagnýta kosti markaðskerfisins eins og unnt er með samkeppni og frjálsri verðmyndun á markaði.

Samtökin styðja eindregið þá stefnumörkun sem í frumvarpinu felst. Þau áttu aðild að ráðgjafarnefnd um endurskoðun löggjafar um raforku sem iðnaðarráðherra skipaði árið 1996 og er frumvarp þetta að meginefni í samræmi við tillögur þeirrar nefndar. Samtökin hafa lengi haft á stefnuskrá sinni að stuðla að lægra raforkuverði og treysta þannig samkeppnisstöðu atvinnulífs í landinu. Frumvarpið, verði það að lögum er mikilvægur áfangi að því marki og fagnaðarefni að það skuli komið fram.

Í umsögn Samtaka iðnaðarins um drög að að frumvarpi til nýrra raforkulaga sem iðnaðarráðuneytið kynnti vorið 2000 sagði m.a. að aukin hagkvæmni sem leiðir til lægra raforkuverðs væri aðalatriði málsins þ.e. að sköpuð væru skilyrði fyrir virka samkeppni á markaðinum. Áhyggjum valda þó ummæli forsvarsmanna dreifiveitna í þá veru að breytingar skv. frumvarpinu komi til með að kalla á hækkun raforkuverðs.

Forsenda markaðsvæðingar í raforkugeiranum er að skilja á milli sölu, dreifingar, flutnings og framleiðslu á rafmagni, afnema einkarétt starfandi orkufyrirtækja og gefa orkukaupanda kost á að velja af hverjum hann kaupir rafmagnið. Flutningur og dreifing raforku býr við náttúrulega einokun þannig að samkeppnin verður í sölu og framleiðslu á raforku. Við slíkt fyrirkomulag verður að tryggja að ekki verði unnt að flytja kostnað af starfsemi sem býr við samkeppni eins og t.d. sölu á raforku yfir á starfsemi sem býr við einokun eins og dreifingu á raforku. Í frumvarpinu er þetta tryggt með því að setja það skilyrði að dreifiveitur verði sjálfstæðir lögaðilar og að þeim verði óheimilt að stunda vinnslu eða viðskipti með raforku eða aðra samkeppnisstarfsemi.

Samkvæmt frumvarpinu skulu veiturnar dreifa raforku samkvæmt samræmdri gjaldskrá fyrir alla notendur. Þó er heimilaður sveigjanleiki í kjörum gagnvart einstökum notendum ef viðskipti þeirra leiða til hagkvæmari eða óhagkvæmari nýtingar eða uppbyggingar. Mikilvægt er að gjaldskrár dreifiveitna verði gegnsæjar og einfaldar og

að þær endurspegli raunkostnað eins og unnt er. Frumvarpið kveður á um lágmarksarðsemi sem nemur 2% og hámarksarðsemi sem nemur tvöfaldri ávöxtun ríkisskuldabréfa undanfarin tvö ár. Verði arðsemi utan þessara marka verði gjaldskrá breytt til að þetta markmið náist. Þá er kveðið á um hagræðingarkröfu. Ráðherra er gert að kveða nánar á um arðsemismarkmið og hagræðingarkröfu í reglugerð og er ljóst að sett markmið í umræddri reglugerð munu hafa mikil áhrif á þróun raforkugeirans og raforkuverðs í náninni framtíð.

Samkvæmt frumvarpinu verður sérstakt félag stofnað um flutning á raforku og að flutningskerfinu verði skipt upp í flutningskerfi og meginflutningskerfi. Flutningskerfið á að ná til raflína sem flytja raforku á 30 kV spennu eða hærrí. Það á að ná frá og með aðalrofum fyrir spenna í virkjunum og til og með aflrofa fyrir dreifiveitna. Meginflutningskerfið nær til flutningskerfis Landsvirkjunar á 132 og 220 kV. Flutningskerfið á að tryggja flutning á raforku um landið milli framleiðenda og dreifiveitna þar sem framleiðendur og kaupendur búa við frjálsa samkeppni.

Á undanförunum árum hefur verið lagt út í gríðarlegar fjárfestingur í raforkuflutningi um landið, í mörgum tilvikum framkvæmdir sem engan veginn geta staðið undir sér og hafa kallað á stuðning hins opinbera. Það hlýtur að vera spurning á hvaða verði þessar eignir verða metnar inn í félag um raforkuflutning og hvort réttlætanlegt sé að gera háar arðsemiskröfur til þess fjár sem þar er bundið. Mat á verðmæti þessara eigna inn í hið nýja félag á að byggjast á eðlilegri arðsemi þeirra en ekki stofnkostnaði. Í tillögum nefndar um framtíðarskipulag raforkuflutnings kemur fram að ef nauðsynlegt er sökum byggðapróunar að jafna kostnað við flutning eða dreifingu raforku eða ráðast í framkvæmdir í flutningskerfinu sem flutningsgjöld geta ekki staðið undir er mikilvægt að það sé gert með skatttekjum svo að það hindri ekki samkeppni eða dragi úr hagkvæmni kerfisins. Þetta er mikilvægt þó að uppbygging fyrirtækis með allt flutningskerfið undir sinni stjórn bjóði upp á einfalda leið til að dreifa þessum kostnaði á alla raforkukaupendur. Það getur ekki verið eðlilegt að fyrirtæki sem eykur raforkukaup sín auki við það eitt framlag sitt í slíkar stuðningsaðgerðir. Samtökin telja slíka verðjöfnun óheppilega og hindra eðlilega samkeppni milli raforkuframleiðenda. Opinberan stuðning við tiltekna raforkunotendur ber því að veita beint í gegnum ríkissjóð en ekki í gegnum verð á raforku. Verðjöfnun á raforku verður að framkvæma með öðrum leiðum.

Skv. frumvarpinu eru sköpuð skilyrði fyrir samkeppni í vinnslu á raforku. Í dag er Landsvirkjun með yfir 90% af raforkuvinnslunni og getur að óbreyttu stjórnað heildsöluverði á raforku. Það er því mikilvægt að þessu frumvarpi verði fylgt eftir með stefnumótun um hvernig stuðla megi að fjölgun framleiðenda og þar með virkri samkeppni í vinnslunni.


Raforkumarkaðurinn skiptist í aðalatriðum í almennan markað og stóriðjumarkað þar sem stóriðjan er um tveir þriðju af markaðinum. Ef áform um nýja stóriðju og stækkanir á þeirri sem fyrir er ganga eftir getur hlutdeild stóriðju orðið þrír fjórðu af markaðinum. Sala á raforku til stóriðju hér á landi er í alþjóðlegri samkeppni. Kaupendur á almenna markaðinum hafa hins vegar ekki átt neitt val um af hverjum þeir kaupa raforku og það breytist ekki mikið, a.m.k. um sinn, þó skilyrði verði sköpuð fyrir samkeppni, þar sem einn aðili er ráðandi á markaðinum. Dæmin sanna þó að það eitt að opna fyrir samkeppni á sviðum þar sem áður hefur ríkt einkasala hleypir af stað ófyrirséðum breytingum og framförum.

Með ofangreinda stöðu á raforkumarkaðinum í huga leggja samtökin til að skoðað verði hvort ekki sé rétt að framleiðendum verði gert að gera bókhaldslegan aðskilnað á milli stóriðjumarkaðarins og almenna markaðarins. Slíkur aðskilnaður myndi stuðla að því að kostnaður vegna nýrra virkjana í tengslum við uppbyggingu stóriðju og meðfylgjandi raforkusala hefði ekki áhrif á almenna raforkumarkaðinn.

Samkvæmt frumvarpinu verður eftirlit með einkasölubáttunum, flutningi og dreifingu raforku, í höndum Orkustofnunar, Samkeppnisstofnunar og Löggildingarstofnunar. Það kann að vera flókið að hafa svo marga eftirlitsaðila en þó ugglaut hagkvæmara en að setja á stofn nýja eftirlitsstofnun, eins og víða hefur verið gert. Skv. 31. gr. skal flutningsfyrirtækið greiða 0,35 aura á kWst og dreifiveiturnar 0,8 aura á kWst. Miðað er við 8.000 Gwst orkunotkun á ári og 2.700 Gwst almenna notkun og eru eftirlitsgjöld flutningsfyrirtækisins því áætluð 29 m.kr. á ári og dreifiveitnanna 22 m.kr. Mikilvægt er að haft verði að leiðarljósi að umfang eftirlits verði eins takmarkað og unnt er þar sem reynsla erlendis frá, t.d. frá Bretlandi, hefur sýnt að umfang eftirlits með þessari atvinnugrein hefur vaxið með ótrúlegum hraða. Eftirlitskostnaðurinn verður aðeins greiddur af notendunum og það er því í samræmi við markmið frumvarpsins um hagkvæmni og skilvirkni að hann verði sem takmarkaðastur.

Virðingarfyllst,

Samtök atvinnulífsins



Hannes G. Sigurðsson, aðst.framkv.stjóri SA

Samtök iðnaðarins



Ólafur Kjartansson, verkfræðingur SI